



Borgarráð

Reykjavík, 18. ágúst 2026
MSS26080035

Félagsbústaðir hf. - Tilnefning í stjórn

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða tillögu nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar, dags. 18. ágúst 2026, um skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Félagsbústaða hf.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Útskrift úr fundargerð tilnefningarnefndar frá 18. ágúst 2026



Reykjavík

18. ágúst 2026

Borgarráð

Kosning fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Félagsbústaða hf.

Hér með sendist útskrift úr fundargerð tilnefningarnefndar dags. 17. ágúst 2026:

1. Félagsbústaðir hf. – Tilnefning í stjórn

Samþykkt að leggja til við borgarráð að á hluthafafundi verði eftirtalin kjörin sem háðir fulltrúar Reykjavíkurborgar í stjórn Félagsbústaða:

Aðalmenn:

Róbert Ragnarsson, háður (formaður)

Stein Olav Romslo, háður

Albert Guðmundsson, háður

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, óháður

Björt Ólafsdóttir, óháður

Varamenn:

Björg Magnúsdóttir, háð

Heiða Björg Hilmisdóttir, háð

Friðjón F. Friðjónsson, háður fulltrúi

Hildur Gunnlaugsdóttir, óháð

Kolbrún Garðarsdóttir, óháð

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

**Tillaga tilnefningarnefndar borgarráðs Reykjavíkur
Félagsbústaðir hf.**

1. Skipun tilnefningarnefndar

Á fundi borgarráðs þann 25. júní 2026 var tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2026, samþykkt ásamt fylgiskjöllum, þar sem lagt var til að borgarráð samþykki erindisbréf um nefnd til tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar. Tilnefningarnefnd skipa:

Hildur Björnsdóttir eigendafyrirsvar, borgarstjóri
Einar Þorsteinsson formaður
Björg Magnúsdóttir
Pétur Hafliði Marteinsson
Líf Magneudóttir

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari situr fundi nefndarinnar sem og Edda Björk Ragnarsdóttir lögfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara ritar fundargerðir nefndarinnar.

Samkvæmt Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar (eigandastefnan) hefur tilnefningarnefnd það hlutverk að rýna og gera tillögu til borgarráðs um tilnefningar og kosningar til stjórnna fyrirtækja sem falla undir eigandastefnuna, sem og annarra ráða og nefnda þeirra sem eigendur tilnefna og/eða kjósa til slíkra starfa (trúnaðarstöður fyrirtækjanna).

Fyrir liggur að tilnefna og kjósa í stjórn Félagsbústaða hf. og fer hér á eftir tillaga tilnefningarnefndar um skipan stjórnarinnar.

2. Tilnefningar í stjórnir

Samkvæmt eigandastefnunni skal í vinnu tilnefningarnefndar litið til þess að stjórn, nefnd eða ráð sé hverju sinni saman sett af einstaklingum í sem jöfnustum kynjahlutföllum, sem hafa breiða þekkingu og bakgrunn, s.s. m.t.t. aldurs og reynslu, sem nýtist viðkomandi fyrirtæki og eftir atvikum hagaðilum þess hverju sinni, m.t.t. hlutverks og verkefna fyrirtækisins, rekstrar þess og framtíðarsýnar.

Við kosningu í stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja skal miðað við að meirihluti stjórnarmanna sé óháður fyrirtækinu og stjórnendum þess. Í 5 manna stjórn skal ennfremur miðað við að a.m.k. tveir af framangreindum stjórnarmönnum séu jafnframt óháðir Reykjavíkurborg og að í 7 manna stjórn séu 3 af framangreindum stjórnarmönnum jafnframt óháðir Reykjavíkurborg. Kjörnir fulltrúar Reykjavíkur og starfsmenn Reykjavíkurborgar teljast ekki óháðir Reykjavíkurborg, en að öðru leyti skal miðað við óháði samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga Viðskiptaráðs hverju sinni. Samkvæmt því er miðað við að óháðir aðilar hafi ekki starfað fyrir félagið eða Reykjavíkurborg, eða verið kjörnir fulltrúar, næstliðin 3 ár.

3. Sjónarmið og gögn sem tilnefningarnefnd leggur til grundvallar tillögu sinni

Tilnefningarnefnd hefur sett sér starfsreglur þar sem helstu verkefni nefndarinnar vegna einkaréttarlegra fyrirtækja eru tilgreind:

- 1) Kortlagning á skipan stjórnna fyrirtækjanna
- 2) Mat á óhæði sitjandi stjórnarmanna
- 3) Þarfagreining á þekkingu og reynslu í einstökum stjórnnum, m.t.t.
 - a) hlutverks og verkefna fyrirtækisins,
 - b) rekstrar þess og framtíðarsýnar

- c) sem nýtist fyrirtækinu og hagaðilum þess
- 4) Kortlagning á þekkingu og reynslu sitjandi stjórnarmanna
- 5) Auglýsing eftir framboðum til setu í stjórnun fyrirtækjanna, s.s. á heimasíðu Reykjavíkurborgar
- 6) Mat á hæfi og hæfni fram kominna tillagna um stjórnarmenn, s.s. út frá ferilskrám og viðtölum við frambjóðendur
- 7) Mat á óhæði einstakra frambjóðenda
- 8) Rökstudd tillögugerð til borgarráðs um tilnefningu / kosningu til stjórnar fyrirtækjanna

Tilnefningarnefnd notast við svokallaðar stjórnarmatrixur við kortlagningu á nauðsynlegri þekkingu og reynslu stjórnar félaga, annars vegar almenna matrixu sem á við um stjórnir allra þeirra einkaréttarlegu fyrirtækja sem tilnefningarnefnd fjallar um og hins vegar sértæka matrixu fyrir hvert og eitt fyrirtækjanna og út frá þarfagreiningu hvernar og einnar stjórnar.

Almenn matrixa stjórnar einkaréttarlegra fyrirtækja inniheldur eftirfarandi þekkingu og reynslu:

- 1) Stjórnun og stjórnarhættir
- 2) Stefnumótun og framtíðarsýn
- 3) Fjármál - áætlanagerð, reikningsskil og endurskoðun
- 4) Sjálfbærni rekstrar og áhættustýring
- 5) Mannauðsmál
- 6) Innra eftirlit
- 7) Samfélagsábyrgð / umhverfismál / loftlagsmál
- 8) Lögfræði
- 9) Markaðsmál / almannatengsl
- 10) Upplýsingatækni
- 11) Aldur stjórnarmanns
- 12) Fjöldi ára í stjórn

Tilnefningarnefnd vinnur jafnframt sértækar matrixur fyrir einstök fyrirtæki og er matrixan eftirfarandi fyrir Félagsbústaði hf.:

- 1) Rekstur, viðhald, leiga, kaup, og sala fasteigna
- 2) Velferðarmál / félagslegt húsnæði
- 3) Hagaðilar fyrirtækisins
- 4) Fjármál sveitarfélaga
- 5) Fjármagnsskipan félagsins
- 6) Byggingastarfsemi
- 7) Innkaupareglur opinberra aðila
- 8) Upplýsingaskylda og regluvarsla
- 9) Fjárfestatengsl
- 10) Stafræn þróun

Þegar tilnefningarnefnd hefur skilgreint matrixu eru gerðar tillögur að þeim aðilum sem tilnefndir yrðu í stjórnir fyrirtækjanna og teldust ekki uppfylla skilyrði um að vera óháðir fyrirtækjunum, stjórnendum þeirra og Reykjavíkurborg. Þekking þeirra og reynsla er því næst kortlögð út frá fyrirliggjandi matrixum og þær síðan gloppugreindar m.t.t. þeirrar þekkingu og reynslu sem framangreinda aðila skorti. Einnig er aflað eftir bestu getu upplýsinga frá öðrum eigendum fyrirtækjanna þar sem þeim er til að dreifa, til að ná fram sem heildstæðustu sýn yfir þekkingu reynslu, aldur og kynjaskiptingu stjórnanna.

Því næst gera nefndarmenn tillögur að nokkrum óháðum aðilum sem teljast uppfylla skilyrði um þekkingu og reynslu sem skorti samkvæmt kortlagningu með matrixunum, en einnig að teknu tilliti til kyns, aldurs og starfsaldurs í viðkomandi stjórnun.

Samkvæmt erindisbréfi skal tilnefningarnefnd viðhafa faglegt mat við gerð að tillögu og miða að því að ná fram bestu samsetningu í viðkomandi trúnaðarstöðum m.t.t. hagsmuna fyrirtækisins, eigenda þess

og annarra hagsmunaaðila. Tilnefningarnefnd yfirfór framangreind gögn og lagði heildstætt mat á það hvaða aðilar fullnægðu best ofangreindum viðmiðum.

4. Tillaga tilnefningarnefndar

Niðurstaða tilnefningarnefndar byggist á heildarmati, þar sem ofangreind sjónarmið eru höfð til leiðbeiningar og viðmiðs.

Félagsbústaðir hf.

Í 19. gr. samþykktar félagsins segir:

„Stjórn félagsins skal skipuð allt að fimm mönnum og fimm til vara. Meirihluti stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, skal vera óháður félaginu og stjórnendum þess og þar af skulu tveir einnig vera óháðir Reykjavíkurborg. Við mat á óhæði skal horft til skilgreiningar um óháða stjórnarmenn í leiðbeiningum Viðskiptaráðs, eins og þær eru hverju sinni.

Kjörgengir í stjórn félagsins eru þeir sem tilnefningarnefnd Reykjavíkurborgar hefur tilnefnt til setu í stjórn félagsins og borgarráð Reykjavíkurborgar samþykkt.

Stjórnarmenn eru kjörnir til fjögurra ára í senn en þó þannig að hinir þrír óháðu stjórnarmenn, bæði aðal- og varamenn, skulu kjörnir þegar tvö ár eru liðin af kjörtímabili annarra stjórnarmanna og aðrir stjórnarmenn, bæði aðal- og varamenn, kjörnir þegar tvö ár eru liðin af kjörtímabili óháðra stjórnarmanna.“

Í eigandastefnunni segir að fjöldi stjórnarmanna ráðist af eðli rekstrar fyrirtækis, umfangi hans og efnahags og skuli miðað við að stjórnarmenn séu ekki færri en 5 talsins, og að stjórn kjörin til 4 ára í senn.

Tillaga tilnefningarnefndar um kosningu í stjórn Félagsbústaða hf. er eftirfarandi:

Aðalmenn	Róbert Ragnarsson – háður, formaður <i>Borgarfulltrúi Viðreisnar. Með meistaraþróf í stjórnsýslu með rekstur sveitarfélaga sem sérvið. Hefur m.a. starfað sem bæjarstjóri í Vogum og Grindavík, rekið eigið ráðgjafafyrirtæki og var meðeigandi í KPMG.</i>
	Stein Olav Romslo, háður <i>Borgarfulltrúi Samfylkingar. Með M.Sc. í stærðfræði og raungreinakennslu frá NTNU. Hefur starfað sem grunnskólakennari.</i>
	Albert Guðmundsson – háður <i>Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Lögfræðingur og fyrrverandi varapingmaður Sjálfstæðisflokksins.</i>
	Tinna Laufey Ásgeirsdóttir - óháð <i>BA-gráða í sagnfræði frá HÍ, doktorsþróf í hagfræði frá háskólanum í Miami. Prófessor við Hagfræðideild Háskóla Íslands.</i>
	Björt Ólafsdóttir – óháð <i>BA-gráða í sálfræði og kynjafræði frá HÍ. M.Sc.-þróf í mannauðsstjórnun frá Háskólanum í Lundi. Sat á Alþingi 2013-2017 og var umhverfis- og auðlindaráðherra 2017. Framkvæmdastjóri IÐU ehf.</i>
Varamenn	Björg Magnúsdóttir – háð <i>Borgarfulltrúi Viðreisnar. BA-gráða í stjórnmálafræði, MA í hagnýtri menningarmiðlun frá HÍ. Hefur m.a. starfað sem blaðamaður, í dagskrárgerð, sem handritshöfundur o.fl.</i>
	Heiða Björg Hilmisdóttir, háð

	<i>Borgarfulltrúi Samfylkingar. Fil. Kand. í næringarrekstrarfræði frá Gautaborgarháskóla, M.Sc. í næringarfræði frá Gautaborgarháskóla og MBA viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík. Setið í ýmsum stjórnnum. Starfað m.a. hjá Landspítala og sem borgarstjóri 2025-2026.</i>
	Friðjón Friðjónsson - háður <i>Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Stjórn málafræði- og heimspekinám við HÍ. Var varaþingmaður. Starfaði m.a. í tæknigeiranum og var einn eigandi almannatengslafyrirtækisins KOM. Hefur reynslu af stjórnarstörfum m.a. hjá Íslandsstofu.</i>
	Hildur Gunnlaugsdóttir - óháð <i>Meistaránám í arkitektúr við Kunstakademiets Arkitektskole í Kaupmannahöfn. Meistaragráða í umhverfis- og auðlindafræðum í Háskóla Íslands 2012. Hefur m.a. starfað hjá Skyggni Frábært, hjá skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar og sem Borgarhönnuður, skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna, framkvæmdastjóri JVST Iceland 2021-2023, starfrækir eigin stofu Stúdíó Jæja frá 2023, starfar hjá ASK.</i>
	Kolbrún Garðarsdóttir – óháð <i>Hefur rekið eigin lögmannsstofu en starfaði áður sem lögfræðingur hjá Íslandsbanka og Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, nú Umboðsmaður skuldara, við endurskipulagningu fjármála fyrirtækja og einstaklinga. Reynsla af víðtæku samstarfi við ýmsa aðila innan stjórnsýslunnar almennt og góð þekking af opinberri stjórnsýslu.</i>

5. Umboð eigandafyrirsvars og endurskoðun tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd leggur til að eigandafyrirsvari Reykjavíkurborgar verði veitt umboð til að koma fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar á aðalfundi/hluthafafundi Félagsbústaða hf., og kjósa framangreinda einstaklinga í stjórn fyrirtækisins.

Samþykkt á fundi tilnefningarnefndar, 17. ágúst 2026